



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 7. desember 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1.-3. dagskrárlið.

Halldór G. Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Gjaldskrár 2023

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá sveitarfélagsins og stofnana fyrir árið 2023 sem sveitarstjóri kynnti. Sveitarstjórn ræddi gjaldskrána og forsendur og samþykkti síðan með áorðnum breytingum.

#### 2. Fjárhagsáætlun sveitasjóðs – síðari umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2023-2026 til seinni umræðu en áætlunin var áður til umfjöllunar hjá sveitarstjórn þann 9. nóvember síðastliðinn. Sveitarstjóri og fulltrúi hans gerðu grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar. Fjárhagsáætlun fyrir 2023-2026 var samþykkt samhljóða (með áorðnum breytingum) með fimm greiddum atkvæðum.

Í rekstraryfirliti áætlunar 2023 kemur fram að heildartekjur samstæðunnar eru áætlaðar 792 m.kr., þar af eru skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs 566 m.kr. og aðrar rekstrartekjur 226 m.kr.. Rekstrargjöld eru áætluð 851 m.kr. og þar af er áætlun launa 381 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði er neikvæð um tæpa 1 m.kr., afskriftir tæpar 58 m.kr. og fjármagnsliðir nettó rúmlega 13 m.kr. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 13 m.kr.. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar 2023 eru áætlaðar 172 m.kr.



Stærstu fjárfestingaþættirnir í áætlun 2023, eru 40 m.kr. vegna fráveituf framkvæmda, 52 m.kr. í hafnarframkvæmdir, 61 m.kr. í eignir og 19 m.kr. í búnað. Gert er ráð fyrir lántöku 2023 að upphæð 147 m.kr. vegna fráveitu- og hafnarframkvæmda. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga og lántöku er áætlað að handbært fé lækki um 26 m.kr. og verði í árslok 175 m.kr. Í áætlun áráanna 2024-2026 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

### 3. Rekstraryfirlit jan-okt 2022 og fjárfestingayfirlit jan-nóv 2022

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir tímabilið jan-okt 2022 og fjárfestingayfirlit frá 1. janúar – 30. nóvember 2022 sem sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála fóru yfir og útskýrðu. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

### 4. Umsögn sveitarfélagsins vegna áforma um lagabreytingar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Fyrir fundinum lá umsögn sveitarfélagsins dags. 23. nóvember sl. sem send var inn í samráðsgátt vegna áforma um lagabreytingar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í umsögninni er lögð áherslu á mikilvægi þess að þrátt fyrir breytingar á regluverki verði hlutverk sjóðsins óbreytt, þ.e. að styðja við þau sveitarfélög sem þurfa stuðningsins við til þess að sinna lögbundnum hlutverkum sínum óháð stærð. Öll sú vinna sem hófst árið 2019 og kynnt var sem grænbók um stefnu í málefnum sveitarfélaga 2019-2033 er lituð því að ná fram þeirri áherslu að fækka sveitarfélögum og ber fyrirhuguð lagabreyting þess bersýnileg merki. Það virðist hafa verið markmið í sjálfu sér að fækka sveitarfélögum í stað þess að staldra við og ákvarða hvað telst sjálfbært sveitarfélag á öflugu sveitarstjórnarstigi sem er nauðsynlegt að rýna áður en lengra er haldið. Markmið með breytingu á lögnum hlýtur að snúast að því að efla og styrkja sveitarstjórnarstigið og heildstæða þróun sveitarfélaga. Þó að stærð þeirra komi þar til skoðunar sem ákveðin breyta þá er það hluti af stærra mengi og þarf að skoðast í því samhengi.

Þá sendi sveitarfélagið einnig athugasemd í tengslum við reglur sjóðsins vegna akstursþjónustu við fatlað fólk. Útreikningur framlaga byggist á umsóknum frá sveitarfélögum um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli. Framlög taka mið af akstursvegalengd og fjölda farþega. Engan styrk er að fá vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk ef að sá fatlaði einstaklingur sem um ræðir er búsettur í skilgreindu þéttbýli þó svo að



sú grunnþjónusta sem einstaklingur þarf að sækja sé ekki til staðar í lögheimilissveitarfélagi. Er þetta einkum og sér í lagi veigamikilið ef engra almenningssamgangna nýtur við. Eðlilegar væri að miða stuðning Jöfnunarsjóðs við aðra mælikvarða, t.d. mikilvægi ákveðinnar þjónustu eins og menntaskóla, háskóla og heilbrigðissþjónustu svo eitthvað sé nefnt ef sú þjónusta er ekki til staðar í heimabyggð. Það ætti ekki að skipta máli hvort að einstaklingur er búsettur í þéttbýli eða dreifbýli þegar horft er til þessara framlaga ef grunnþjónusta sem alla jafna er rekin af ríkinu er ekki aðgengileg í heimabyggð. Breyting að þessu leyti myndi draga úr þeim aðstöðumun sem getur skapast á milli sveitarfélaga til að veita þessa þjónustu gjaldfrjálst eða án verulega íþyngjandi kostnaðar fyrir þjónustuþega og það sveitarfélag sem um ræðir.

Umsögn var lögð fram til kynningar.

#### **5. Tillaga sveitarfélagsins um að virkja ívinnun 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020**

Fyrir fundinum lá erindi dags. 29. nóvember sl. þar sem sveitarfélagið gerir það að tillögu sinni að Byggðastofnun, hæstvirtur háskólaráðherra og hæstvirtur heilbrigðisráðherra taki til skoðunar að virkja þá ívinnun sem tilgreind er í 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna í tilviki heilbrigðisstarfsmanna sem starfa á Skagaströnd að þeim skilyrðum uppfylltum sem tilgreind eru í umræddu ákvæði laganna. Í 28. gr. laganna er að finna eftirfarandi ákvæði:

- 28. gr. Sérstök ívinnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum.
  - Ráðherra er heimilt með auglýsingu að ákveða sérstaka tímabundna ívinnun við endurgreiðslu námslána til lánþega sem búsettir eru á svæðum skilgreindum í samráði við Byggðastofnun.
  - Skilyrði fyrir ívinnunum skv. 1. mgr. eru að:
    1. fyrir liggja tillaga frá sveitarfélagi eða sveitarfélögum til stjórnvalda um þörf á menntuðu fólki í byggð sinni,
    2. fyrir liggja skýrsla unnin af Byggðastofnun í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um mikilvægi þess að bregðast við aðstæðum skv. 1. tölul.,
    3. lánþegi hafi lokið námi og sé búsettur á skilgreindu svæði og nýti menntun sína þar að lágmarki í 50% starfshlutfalli í a.m.k. tvö ár og 4. fjármagn sé aukið til Menntasjóðs námsmanna til að standa undir ívinnuninni.

Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að greinin mæli fyrir um nýmæli og að heimild til ívinnunar sé ætluð til þess að gefa ráðherra tækifæri til að bregðast við ástandi þar sem skortur er á menntuðum einstaklingum á ákveðnum svæðum, en bregðast þarf við skorti á





heilbrigðismenntuðu starfsfólki á svæðinum með öllum tiltækum ráðum en framangreind ívilnun laganna hefur ekki verið virkjuð.

Var erindið lagt fram til kynningar.

#### **6. Samningur um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra**

Fyrir fundinum lágu drög að samstarfssamningi um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra en aðilar að samningnum eru Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Húnaþing vestra, Skagafjörður og Húnabyggð. Var sveitarstjóra falið að undirrita samninginn sem tekur gildi 1. janúar 2023.

#### **7. Bréf**

##### **a. Hafnasambands Íslands dags. 9. nóvember 2022**

**Efni: Ályktun 43. Hafnasambandsþings um öryggi og aðgengi að höfnum og úrgangsmál**

Ályktanir voru lagðar fram til kynningar.

##### **b. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Húnaþings vestra, félagsmálastjóri Austur Húnavatnssýslu, félagsmálastjóri Skagafjarðar, deildarstjóri félagsmáladeildar Fjallabyggðar og sviðsstjóri félagsmálasviðs Dalvíkurbyggðar dags. 16. nóvember 2022**

Fyrir fundinum lá minnisblað unnið af sviðsstjóra fjölskyldusviðs Húnaþings vestra, félagsmálastjóra Austur-Húnavatnssýslu, félagsmálastjóra Skagafjarðar, deildarstjóra félagsmáladeildar Fjallabyggðar og sviðsstjóra félagsmálasviðs Dalvíkurbyggðar.

Í minnisblaðinu er gerð tillaga að fyrirkomulagi samstarfs um málefni barnaverndar hjá Húnaþingi vestra, Húnabyggð, Skagabyggð, Skagaströnd, Skagafirði, Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð með tilvísun til III. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum.

Lagt er til að sveitarstjórnir veiti framkvæmdarstjórum sveitarfélaganna og yfirmönnum barnaverndar í hverju sveitarfélagi fyrir sig umboð til að:

- a. Vinna drög að samstarfssamningi um leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu.
- b. Gera tillögu að sveitarfélagi sem yrði leiðandi sveitarfélag



Einnig er lagt til að sveitarstjórnir veiti yfirmönnum barnaverndar í hverju sveitarfélagi fyrir sig og eftir atvikum starfsmönnum barnaverndar á hverjum stað, fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála frá og með 1. janúar 2023 þegar eldri barnaverndarnefndir láta af störfum.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra umboð til að taka þátt í að vinna drög að samstarfssamingi um leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi og gera tillögu að sveitarfélagi sem yrði leiðandi sveitarfélag. Samningurinn verði lagður fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

Sveitarstjórn samþykkir að veita félagsmálastjóra og starfsmönnum barnaverndar fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála frá og með 1. janúar 2023 þegar eldri barnaverndarnefndir láta af störfum.

#### **c. Íslandspóstur dags. 16. nóvember 2022**

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Íslandspósts vegna aðstöðuleigu hjá sveitarfélaginu sem sveitarstjórn ræddi. Var sveitarstjóra falið að undirritað samninginn með áorðnum breytingum.

#### **d. Starfsfólk Höfðaskóla dags. 16. nóvember 2022**

Fyrir fundinum lá erindi starfsfólks Höfðaskóla þar sem óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins að því að halda árshátíð fyrir starfsfólk. Sveitarstjórn ræddi fram komið erindi og mun óska eftir fundi með stjórn starfsmannafélags sveitarfélagsins vegna málsins.

#### **e. Sólveig H. Benjamínsdóttir dags. 23. nóvember 2022**

Fyrir fundinum lá erindi um málefni Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna en safnið er í eigu allra sveitarfélaga við Húnaflóa og hefur verið frá stofnun árið 1967. Undanfarin ár hefur Húnaþing vestra séð um rekstur safnsins og hefur það gengið vel. Var samningur gerður um það mál fyrir árið 2018 sem nú þarf að endurskoða og er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess og hvernig skipa eigi í stjórn safnsins. Sveitarstjórn ræddi erindið og er hlynnt því að halda ríkjandi fyrirkomulagi áfram. Var oddvita falið að vera fulltrúi sveitarfélagsins í umræddu samstarfi.



**f. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra dags. 23. nóvember 2022**

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni Sýslumannsins á Norðurlandi vestra um umsókn um leyfi til reksturs Gististaðar í Flokki II-G Íbúðir vegna Iðavalla, fasteignanúmer 2139151, rýmisnúmer 010101. Hámarksfjöldi gesta er 8 manns.

Umsækjandi er Slavko Velemir f.h. S5 verk ehf. kt. 540720-0100.

**Umsögn sveitarstjórnar:**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að orðið verði við leyfisumsókn svo framarlega sem jákvæðar umsagnir þar til bærra aðila liggi fyrir.

**g. Fiskistofa dags. 25. nóvember 2022**

Með erindinu er tilkynnt um sérstakt strandveiðigjald til hafna vegna sumarsins 2022 en í hlut Skagastrandar kemur kr. 1.588.400. Var erindið lagt fram til kynningar.

**h. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 18. nóvember 2022**

Samband íslenskra sveitarfélaga fer með fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem til þess veita umboð sitt. Sveitarfélagið Skagaströnd er eitt þeirra sveitarfélaga. Gildistími allra kjarasamninga sveitarfélaga rennur út á næsta ári. Sambandið undirbýr nú kjaraviðræður við 62 stéttarfélag starfsmanna sveitarfélaga. Af þessu tilefni óskar Samband íslenskra sveitarfélaga eftir endurnýjuðu fullnaðarumboði til kjarasamningsgerðar fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagastrandar. Umboðið felur m.a. í sér skuldbindingu sveitarfélagsins til að afhenda sambandinu upplýsingar um laun og önnur starfskjör starfsmanna sveitarfélagsins með rafrænum hætti, eða í gegnum svokallað gagnalón. Einnig heimilar sveitarfélagið að ópersónurekjanleg launagögn verði afhent viðkomandi heildarsamtökum launþega sem um það gera samkomulag við sambandið. Sveitarstjórn samþykkir að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarsamningsgerðar fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagastrandar. Sveitarstjórn samþykkir einnig nauðsynlega upplýsingagjöf vegna kjarasamningsgerðarinnar í samræmi við beiðni Sambandsins svo fremi sem fyllstu persónuverndarsjónarmiða verði gætt.

**8. Fundargerðir**

**a. Stjórnar SSNV dags. 1. nóvember 2022**

Fundargerð lögð fram til kynningar.





**b. Stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra dags. 4. október 2022**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**c. Stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra dags. 10 nóvember 2022**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**d. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 18. nóvember 2022**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 25. nóvember 2022**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**f. Fræðslunefndar dags. 4. október 2022**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**9. Önnur mál**

Oddviti þakkar sveitarstjórn og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á árinu sem er að líða og óskar öllum gæfuríkrar jólahátíðar.

Oddviti leggur til að sveitarfélagið styrki Hólaneskirkju og Rauðakrossdeildina um 150.000kr sem verði nýttar til stuðning heimilum sem þurfa á fjárhagsstuðningi að halda í tengslum við jólahald.

Halldór Gunnar Ólafsson

Erla María Lárusdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Handwritten notes on the left side of the page, including the number '2143' and other illegible characters.

Handwritten notes on the right side of the page, including the number '2143' and other illegible characters.